



Asdís Magnúsdóttir dansari

Kynning á íslenskri nútímalist

Hilda hf. og Bókauktáfan Vaka hafa tekið höndum saman um víðamikla kynningu á gróandanum í nútímalistum Íslendinga. Kynningin er samsett úr þremur meginþáttum, þ.e. stórrí ljósmyndasýningu, kvikmynd og vandaðri bók. Hér er um einstæðan viðburð að ræða í menningarlífi Íslendinga og þótt víðar væri leitað, því ekki er vitað til að nokkurn tíma hafi verið efnt til jafn víðtækrar kynningar á öllum listgreinum heillar þjóðar.

Ráðgert er að fara með kynningu þessa víða um lönd á næstu árum, en forsýning hennar verður opnuð á Kjarvalsstöðum laugardaginn 13. júlí og mun standa þar fram til 28. júlí, frá klukkan 14 til 22 daglega. Kynningin hefur hlotið yfirskriftina Iceland Crucible.

Ljósmyndirnar

Á kynningunni er sýning á 330 ljósmyndum af um 170 íslenskum listamönnum úr öllum greinum, eftir heimskunnar ljósmyndara, Vladimir Sichov. Hann starfar að staðaldri fyrir ýmis helstu myndskreytt viku- og mánaðarrit vestan hafs og austan og hefur fengið fleiri myndir birtar en nokkur annar ljósmyndari í heiminum á síðustu sex árum.

Ljósmyndasýningin á Kjarvalsstöðum er stærsta, fjölbreytilegasta og listrænasta mannamyndasýning

sem nokkru sinni hefur verið efnt til héraendis.

Kvikmyndin

Annar hluti kynningarinnar er hálf tíma kvikmynd um grósku íslenskra lista í nútímanum. Myndin nefnist Iceland Crucible og er gerð af tveimur kunnum bandarískum kvikmyndagerðarmönnum, Hal Calbom og Phil Davies, sem átta sinnum hafa verið sámdir hinum eftirsóttu Emmy-verðlaunum fyrir sjónvarpsþætti sína. Til skamms tíma unnu þeir fyrir bandarísku sjónvarpsstöðina NBC, en starfa nú sjálfstætt.

Kvikmyndin er í litum og koma þar við sögu ýmsir kunnir listamenn á mörgum sviðum. Myndin verður sýnd a.m.k. tvisvar daglega meðan á kynningunni á Kjarvalsstöðum stendur.

Bæði kvikmyndin og ljósmyndir Vladimirs Sichovs voru gerðar af frumkvæði og á kostnað Hildu hf.

Bókin

Í tengslum við sýningarnar á Kjarvalsstöðum kemur út á vegum Bókauktáfunnar Vöku stór og vönduð bók á ensku með úrvalsmyndum Sichovs af um 170 íslenskum listamönnum úr hinum ýmsu greinum og á öllum aldurskeiðum.

Bókin ber heitið Iceland Crucible, A Modern Artistic Renaissance. Texta hennar samdi

Sigurður A. Magnússon, rithöfundur, og rekur hann í skilmerkilegu máli þróun og helstu afrek hverrar listgreinar frá öndverðu fram á þennan dag.

Aldrei fyrr hefur svo yfirgripsmikil bók um sögu allra listgreina komið út í neinu landi veraldar. Hér er því um að ræða jafnt alþjóðlegan sem innlendan menningarsögulegan viðburð.

Heimskynning

Á næsta ári er ráðgert að fara með ljósmyndasýninguna og kvikmyndina um þver og endilöng Bandaríkin og Kanada og koma bókinni á framfæri við lesendur sem allra víðast vestan hafs. Bókauktáfundur og forstjórar sýningar-sala og sjónvarpsstöðva hafa sýnt þessu framtaki verulegan áhuga. Síðan er ætlunin að snúa sér að Evrópu og Asíu og þá fyrst og fremst Japan.

Með því að hefja kynninguna héraendis vakir fyrst og fremst fyrir aðstandendum bókar og sýninga að vekja athygli heimamanna á þeirri ótrúlegu blómgun, sem átt hefur sér stað í öllum listgreinum á undanförunum áratugum. Þar koma bæði við sögu listamenn sem unnið hafa afrek á heimavelli og fjölmargir listamenn sem gert hafa garðinn frægan með öðrum þjóðum.

Hvers vegna?

Eðlilegt er að fólk spyrji: Hvers

vegna eru einkaaðilar að ráðast í slíkt kynningarátak á íslenskri menningu og listum í útlöndum?

Svarið er ekki einhlítt. Helsta ástæðan er samt sú, að þeir er að útflutningi standa og aðrir, sem tengjast Íslandskynningu í útlöndum telja sig hafa séð að þörf sé orðin á víðameiri menningarkynningu Íslendinga erlendis en verið hefur. Kynning á náttúru, landslagi, landhátum og framleiðsluvörum sé góð og gild, en landkynning, sem tengist menningu og lífi fólksins í landinu verði yfirleitt áhrifameiri fyrir land og þjóð og um leið fyrir þá sem selja útlendingum vöru og þjónustu.

Forráðamenn Hildu hf. sem hafa stundað víðamikinn ullarvöruútflutning um árabíl höfðu frumkvæði að þessari kynningu sem hlotið hefur yfirskriftina Iceland Crucible, sem þýða mætti Íslensk deigla. Með henni er ætlunin að sýna hvernig alþjóðlegir straumar í listum blandast íslenskum áhrifum og verða til þess að hér er nú meiri gróandi í listum en víðast hvar annars staðar.

Bókauktáfan Vaka annast einn þátt málsins, sem er gerð og útgáfa bókar um þetta efni, en ljósmyndasýningin og gerð kvikmyndarinnar er á vegum Hildu hf.

Líklegt er að fleiri fyrirtæki tengist þessu kynningarátaki á síðari stigum, jafnframt því sem það gæti orðið all miklu víðtækara.

Höfundarnir

Vladimir Sichov

Sichov er heimskunnur ljósmyndari af rússnesku bergi brotinn. Hann hefur búið í París síðan 1979 og starfar fyrir ýmis helstu viku- og mánaðarrit austan hafs og vestan, svo sem Paris Match, Stern, Life, People, Vogue og Esquire. Hann fæddist í Kazan á Volgubökkum árið 1945. Að loknu námi í rafmagnsverkfræði gegndi hann um tveggja ára skeið herþjónustu í Baykonur-geimstöðinni og varð liðsforingi. Eftir lausn úr hernum starfaði hann á eigin vegum sem ljósmyndari og tók einkum myndir fyrir minjakort og hljómplötukápur. Á þessum tíma tók hann um 180.000 ljósmyndir og lánaðist að smygla úr

landi til vana á Vesturlöndum 5.000 ljósmyndaspólum, áður en hann fluttist úr landi ásamt fjölskyldu sinni.

Þó bæði Vladimir og kona hans Aida, séu tilheyrandi rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni (eða grísku-orþódoxu kirkjunni) fengu þau vegabréfsáritanir til Ísraels með því að uppðikta gyðinglega ættingja og afla sér þannig heimboðs frá Ísraelsstjórn.

Vladimir Sichov hefur gefið út einstæða bók um Sovétríkin, Les Russes vus par Vladimir Sichov, sem komið hefur út á allmörgum tungumálum, þar á meðal norsku, sænsku og ensku: The Russians (Little, Brown & Company, 1981). Bókin, sem er löngu uppseld á öllum málum, er óvenjulega opinská og nærfærin lýsing á daglegu lífi í Sovétríkjunum sem útlendingum er aldrei gefið færi á að sjá eða kynnst af eigin raun — lífi á rússneskum heimildum og samyrkjubúum, í strætum og húsasundum stórborga, í verksmiðjum og herbúðum, í óhugnanlegum fangabúðum og geðveikrahælum sovésku leyniþjónustunnar, KGB, í kirkjum og heimkynnum útskúfaðra lista- og vísindamanna.

Sérkennilegur og mjög persónulegur myndstill Vladimirs Sichovs hefur gert hann einhvern virtasta og eftirsóttasta ljósmyndara Evrópu nú um stundir.

Hal Calbom og Phil Davies

Höfundar myndarinnar Iceland Crucible eru bandarískir kvikmyndagerðarmenn, sem átta sinnum hafa verið sámdir hinum eftirsóttu Emmy-verðlaunum, sem veitt eru fyrir framúrskarandi sjónvarpsþætti. Þeir eru báðir búsettir í Seattle í Washington-fylki og starfa þar.

Hal Calbom stundaði nám í stjórnmálafræðum og síðar enskum bókmenntum og naut margra virðulegra styrkja, var m.a. National Merit Scholar, Great Book Scholar og Frank Knox Fellow. Hann lauk BA-prófi í stjórnmálafræðum frá Harvard College árið 1971 og MA-prófi í enskum bókmenntum frá háskólanum í Exeter í Englandi árið 1976. Að námi loknu starfaði hann sem fréttamaður, höfundur og framleiðandi sjónvarpsþátta. Eftir átta ára starf hjá NBC, gerðist hann sjálfstæður rithöfundur og kvikmyndaframleiðandi í félagi við Phil Davies.

Phil Davies lauk BA-prófi í fjölmiðlafræðum frá The Evergreen State College árið 1974. Eftir það starfaði hann um sinn sem fréttaljósmyndari og síðan kvikmynda-gerðarmaður og framleiðandi hjá NBC. Á þeim árum var hann átta sinnum sámdur Emmy-verðlaunum. Síðan 1983 hefur hann starfað sjálfstætt í félagi við Hal Calbom að gerð kvikmynda og myndbanda fyrir sjónvarp og einkafyrirtæki.

Sigurður A. Magnússon

Sigurður hefur samið nokkrar bækur á ensku, auk fjölmargra á íslensku, m.a. Northern Sphinx — Iceland and the Icelanders from the Settlement to the Present (1977 og 1984) og Stallion of the North — The Unique Story of the Iceland Horse (1978), sem komið hefur út á sjö tungumálum. Þá þýddi hann og ritstýrði The Postwar Poetry of Iceland (University of Iowa Press, 1982) og ritstýrði og gaf út Icelandic Writing Today (1982).

Skáldsaga hans, Undir kalstjórn, hefur komið út á þýsku, Unter frostigem Stern (1984), og ensku, Under a Dead Star (1985). Ljóð hans, smásögur og bókmenntageinar hafa birst í safnritum og tímaritum á Norðurlöndum öllum, í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu, Hollandi, Grikklandi, Ítalíu, Spáni, Indlandi, Mexíkó, Bandaríkjunum og Kanada.



Pórarinn Eldjárn

TILLITSSEMI
-ALLRA HAGUR

